



Alþingi

Erindi nr. 0112 1917

komudagur 1814 1990

Sjávarútvegsnefnd efri deildar,
hr. Stefán Guðmundsson formaður,
Alþingi,
150 Reykjavík.

YDAR MERKI:

DAGS:

VORT MERKI:

DAGS:

Reykjavík, 3. apríl 1990.

Efni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar hefur nú til meðferðar stjórnarfrumvarp til laga um stjórn fiskveiða. Í 2.mgr. 5.gr. frumvarpsins er svohljóðandi ákvæði: "Hverfi skip sem á kost á veiðileyfi, samkvæmt 1.mgr. þessarar greinar, varanlega úr rekstri má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í stað þess enda hafi veiðiheimildir þess skips er úr rekstri hvarf ekki verið sameinaðar varanlega veiðiheimildum annarra skipa eða horfið til Úrelðingarsjóðs fiskiskipa." Ákvæði þetta kemur í stað ákvæðis 4.gr. gildandi laga um stjórn fiskveiða 1988-1990, nr. 3/1988. Þrátt fyrir að orðalag þessarra tveggja greina sé ekki algerlega sambærilegt, verður að ætla að hér sé um efnislega sambærileg ákvæði að ræða og um það muni verða settar hliðstæðar reglur og nú gilda um stærð þeirra skipa, sem koma í stað þeirra, sem hverfa úr rekstri. Félag dráttarbrauta og skipasmiðja vill í þessu sambandi benda á, að verði sú stefna frumvarpsins að leggja af svokallað sóknarmark löggfest, er ákvæði þetta með öllu óþarft. Eigi útgerð "einungis" ákveðinn kvóta vísan, ættu stærðarmörkin þannig fyrst og fremst að markast af fjárhag viðkomandi útgerðar og stærð kvótans, en ekki fyrirfram settum stærðarreglum. Félagið leggur því til að ákvæði þetta verði fellt úr frumvarpinu.

Sé það einlægur vilji löggjafans að halda umræddu ákvæði í frumvarpinu, leyfir Félag dráttarbrauta og skipasmiðja sér að vekja athygli á því, að núgildandi reglur hafa um sumt mismunað aðilum. Þannig hefur lagaákvæði um að **sambærilegt skip skuli hverfa úr rekstri fyrir ný og nýkeypt skip** verið útfært þannig, að nánast allir geta nýtt sér ákveðið svigrúm til stækkunar, **nema þeir sem vilja kaupa endurbyggt skip, sem ekki hefur verið stækkað**. Er þessu nánar lýst í hjálögðu minnisblaði, sem birtist sem fylgiskjal með skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis í desembermánuði síðastliðnum um stöðu og horfur í íslenskum skipaiðnaði.


Að mati Félags dráttarbrauta og skipasmiðja þarf að gefa útgerðarmanni, sem vill kaupa endurbyggt skip, sama tækifæri til endurnýjunar og þess sem vill kaupa nýsmíðað skip og jafnframt gera íslenskum skipasmiðastöðvum kleift að taka minni skip upp í skip, sem verið hafa endurbyggð án stækkunar. Um leið og þetta mundi stuðla að því markmiði að minnka afkastagetu flotans, hvettu slíkar reglur til þess að skip yrðu endurbyggð í ríkari mæli, frekar en að ráðist verði í nýsmíði. Núgildandi reglur leiða til þess, að miðlungsskipin hverfa úr íslenska flotanum. Flotinn verður í annan endann ný, stór og fullkomin afkastamikil skip og í hinn endann lítil, gömul óhagkvæm og oft á tíðum hættuleg skip. Þær útgerðir sem hug hafa á að endurnýja skip sín og nýta sér jafnframt heimild til stækkunar, til að búa betur að áhöfn og auka rými fyrir afla, verða að fara út í nýsmíði,

sem kallar á mikla fjárfestingu. Stækkunarheimildirnar í reglugerð nr. 113/1988 um veitingu veiðileyfa til nýrra og nýkeyþra fiskiskipa, eru bundnar við nýsmíði og hafa því þetta í för með sér. Það getur varla talist eðlilegt, að stuðla að því að fyllilega nothæf skip séu úrelt allt of fljótt, vegna of strangra reglna að þessu leyti.

Félag dráttarbrauta og skipasmiðja hvetur því þingnefndina til að gaumgæfa þessi mál. Að mati félagsins hefði breyting sem hér er gerð tillaga um, ótvírætt í för með sér mikið hagræði, jafnframt því sem verkefnastaða svo og samkeppnisstaða íslenskra skipasmiðastöðva ætti að batna. Þá kæmist Úreldingarsjóður einnig af með mun minna fjármagn en með núverandi reglum um endurnýjun.

Virðingarfyllst,

FÉLAG DRÁTTARBRAUTA OG SKIPASMÍÐJA



Þorleifur Jónsson, framkv.stj.

2. nóvember 1989

Minnisblað nr. 1

Til: Iðnaðarráðherra
Frá: Skipaiðnaðarnefnd

Skipaiðnaðarnefndin hefur á undanförunum fundum sínum fjallað um tillögur þær sem fram eru settar í skýrslu A.P. Appledore um hugsanlegar aðgerðir af hálfu opinberra aðila til eflingar skipaiðnaðinum. Nefndin áformar að hafa það vinnulag að fjalla um einstakar tillögur og kynna þær ráðherra jafnóðum.

Í þessu fyrsta minnisblaði er sett fram hugmynd að breyttu fyrirkomulagi á endursmiði notaðra skipa og úreldingu þeirra er lókust eru.

I. Lýsing á því fyrirkomulagi sem nú eru í framkvæmd:

Samkvæmt nügildandi reglum fæst heimild til að kaupa nýtt fiskiskip aðeins ef notað fiskiskip er tekið úr rekstri og varanlega af skipaskrá. Nýja skipið má vera nokkuð stærra en það gamla skv. formúlu þar um. (Stækka má um 25-60%). Ennfremur er heimilt að stækka gömul skip. Meining með heimild til stækkunar skipa er sú að búa þarf betur að áhöfn og auka rými fyrir aflameðhöndlun.

Erlendar skipasmiðastöðvar hafa margar hverjar, auk þess að vera styrktar af opinberu fé, tekið gömul fiskiskip sem greiðslu inn á nýsmiði.

Einn aðal galli núverandi kerfis er sá að ef skipasmiðastöð hér á landi byggir nýtt skip þá er nánast ókleyft að taka eldra skip upp í sem greiðslu, eins og stöðvar erlendis gera, þar sem eldra skip eða skip jafnstórt skal skilyrðislaust af skipaskrá áður en lán frá Fiskveiðasjóði eru afgreidd til hins nýja skips. Þetta veldur því að skipasmiðastöðin situr að öllum líkindum uppi með gamla skipið.

Taki skipasmiðastöð gamalt skip upp í, í staðinn fyrir nýsmiði stendur hún eins og reglur eru nú frammi fyrir þrem valkostum:

1. Skipasmiðastöðin þarf að losna við eldra skipið úr landi áður en lán Fiskveiðasjóðs í hið nýja skip er afgreitt. Verð á gömlum skipum erlendis er auk þess oft verulega lágt.
2. Mögulegt er að selja "uppítökuskip" vegna nýsmiði aftur innanlands án nokkurra endurbóta gegn því að annað jafnstórt skip sé tekið uppi. Skipasmiðastöðin stendur jafnt uppi með það skip og hið fyrra.

3. Skipasmiðastöðin getur endurbætt og jafnvel stækkað "uppitökuskip" og selt það aftur innanlands, en þá skal jafnstórt skip og hið endurnýjaða skip var fyrir endurnýjun fara af skipaskrá. Samkvæmt liðum 2 - 3 situr því skipasmiðastöðin alltaf uppi með skip sömu stærðar.

Ef skipasmiðastöðin endurbyggir skipið án stækkunar, er henni óheimilt að taka minna skip upp í og nýta sér hinar almennu stækkunarreglur á þann hátt.

II. Hverju þarf að breyta?

Skapa þarf möguleika á því að íslenskar skipasmiðastöðvar geti tekið minna skip í stað þeirra sem eru endurnýjuð. Með því opnast leið fyrir útgerðir að stækka og endurnýja án þess að fara út í nýsmiði, eða stækkun á fyrri skipum.

Þessi leið myndi tvímælalaust ná mun betur því markmiði að afkastageta flotans aukist ekki við endurnýjun á sama hátt og nú gerist með nýsmiðar. Hinsvegar er ljóst er að núgildandi stækkunarreglur hafa leitt til afkastaaukningar flotans.

Endurnýjun eins og hér er nefnd gæti leitt til þess að einungis allra lökustu skipin færi úr rekstri (sem hlýtur að vera markmið) þannig að úreldingasjóður kæmist af með minna fjármagn, eða gæti úreld fleiri skip. Slik endurnýjun getur líka aukið gæði og endingu eldri hluta flotans með því að auka möguleika útgerðarinnar að endurnýja. Núverandi fyrirkomulag býður upp á að flotinn verði samsettur af nýjum skipum í annan endann og gömlum vanbúnum skipum í hinn endann. Enda er það yfirleitt betur stæðu útgerðirnar sem ráðast í nýsmiði og úrelda þá kannski "of gott" skip meðan verr settar útgerðir sitja eftir þar sem þar hafa ekki bolmagn til að endurnýja með nýju skipi en gætu hugsanlega endurnýjað með endurbyggðu skipi og ættu þá að hafa sama möguleika til stækkunar vegna aðbúnaðar og aflameðhöndlunar og aðrir.

Núgildandi regla Fiskveiðasjóðs um stækkun ýtir því undir óeðlilega fjárfestingu í nýjum skipum eins og hún er nú, þegar hagkvæmara gæti allt eins verið að endurnýja einungis það gamla með lágmarks tilkostnaði. Endurbygging eldri skipa er hinsvegar það svið sem innlendar skipasmiðastöðvar eru mjög samkeppnishæfar m.a. vegna þess að endurbyggingar eru ekki niðurgreiddar erlendis í sama mæli og nýsmiðar.

Ef heimila á stækkun á fiskiskipum er rökrétt að eins reglur giltu þá bæði um endurnýjun á gömlum skipum eins og við nýsmiðar. Reglur ættu því tvímælalaust að þessu leiti að vera almennar en ekki sértækar um nýsmiði.

III. Tillögur til úrbóta:

Eftirfarandi myndi bæta verulega samkeppnisstöðu íslenskra skipasmíðastöðva:

1. Fyrir íslenska nýsmíði eða endurbyggingu fari annað skip úr rekstri. Stækkunarreglan gildi eins og fyrir aðrar nýsmíðar.
2. Skipasmíðastöðin tekur gamla skipið sem greiðslu inn á nýsmíðina. Stöðin endurbyggir skipið að eigin mati eða í samráði við væntanlegan kaupanda.
3. Endurbyggða skipið er selt aftur innanlands og heldur sinni stöðu á skipaskrá gegn því að annað gamalt skip fari úr rekstri.
4. Stækkunarreglan gildi á sama hátt fyrir endurbyggða skipið og fyrir nýsmíðar, þannig að hægt verði að taka minna skip upp í, í stað þess endurbætta. Endurbyggð skip haldi stöðu sinni á skipaskrá.
5. Þetta sé hægt að endurtaka meðan kaupandi fæst að endurbyggðu skipi. Síðasta skipið fari af skipaskrá og í úreldingu.

IV. Hvað ávinnst?

1. Verkefni skapast við endurbyggingar.
2. Fleiri geta endurnýjað skip sín með endurbyggðu skipi í stað nýsmíði og fengið þannig betri aðstöðu fyrir áhöfn og fiskmeðhöndlun í hinu endurbyggða skipi.
3. Samkeppnisstaða íslenskra stöðva batnar verulega þar sem hægt er að bjóða útgerðum að taka gömul skip upp í ný eða endurbyggð.
4. Lökustu skipin fara fyrir úr rekstri.
5. Minni fjárförf úreldingarsjóðs.
6. Fjárfesting útgerða verður jafnari.

Til:
Frá:

Varða
aukin

Skipa
gerða
um lá

I. Nú

1.

2.